

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/217****2023/EES/68/21****frá 1. febrúar 2023****um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar ósamræmi í kröfum sem innleiddar voru með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1387 og reglugerðum (ESB) 2021/1296 og (ESB) 2021/2237 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2237 ⁽²⁾ voru gerðar breytingar á ORO.FC.146 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽³⁾. Í 2. lið f-liðar ORO.FC.146 á í stað tilvísunar í 2. lið b-liðar ORO.FC.005 að koma tilvísun í 1. lið b-liðar ORO.FC.005 sem er liðurinn sem skiptir máli fyrir starfrækslu flugvéla.
- 2) Við breytingu á CAT.POL.A.230 og CAT.POL.A.235 í IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 kom upp villa í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 ⁽⁴⁾ í tengslum við að senda flugvélar af stað í flug. Beita ætti kröfum í e-lið CAT.POL.A.230 og e-lið CAT.POL.A.235 í áföngum, ekki valkvætt.
- 3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1296 ⁽⁵⁾ voru innleiddar breytingar á CAT.OP.MPA.150 í IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Fyrir slysi fylgdu þeim breytingum ekki afleiddar breytingar á CAT.POL.A.215 og CAT.POL.A.415 í þeim viðauka. Af þessum sökum er viðeigandi lagastoð röng og leiðréttu ætti þá villu.
- 4) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1296 voru einnig gerðar breytingar á SPO.POL.110 í VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 með því að skipta út a-, b- og c-lið þess liðar. Við breytinguna voru hins vegar einnig felldir brott fyrri d- og c-liður sem var ekki ætlunin. Því ætti að taka aftur upp d- og e-lið SPO.POL.110 frá og með þeim degi sem reglugerð (ESB) 2021/1296 kom til framkvæmda, þ.e. frá og með 30. október 2022.
- 5) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.
- 6) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 30, 2.2.2023, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 187/2023 frá 5. Júlí 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2237 frá 15. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur varðandi starfrækslu í skertu skyggni og varðandi þjálfun og próf fyrir flugliða (Stjtið. ESB L 450, 16.12.2021, bls. 21).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um útreikninga á afkastagetu flugvélar við landingu og viðmiðin til að meta ástand yfirborðs flugbrautar, uppfærslu á tilteknum búnaði og kröfum sem varða öryggi loftfara sem og starfrækslu án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi (Stjtið. ESB L 229, 5.9.2019, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1296 frá 4. ágúst 2021 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar og að því er varðar kröfur um stuðningsáætlanir og sálraent mat á flugáhöfn sem og skimanir fyrir geðvirkum efnum (Stjtið. ESB L 282, 5.8.2021, bls. 5).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði III. viðauka (ORO-hluta), IV. viðauka (CAT-hluta) og VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 3. liðar í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 30. október 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæði III., IV. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar f-liðar í ORO.FC.146 í III. viðauka (ORO-hluta) kemur eftirfarandi:

„2. flutningaflugs á flugvélum sem uppfyllir viðmiðanirnar sem skilgreindar eru í 1. lið b-liðar í ORO.FC.005.“

2) Ákvæði IV. viðauka (CAT-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar c-liðar CAT.POL.A.215 kemur eftirfarandi:

„3. snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir hreyfilbilun, með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í samræmi við CAT.OP.MPA.181, sem er viðeigandi fyrir varaflugvöll.“

b) Í stað e-liðar CAT.POL.A.230 kemur eftirfarandi:

„e) Þegar flugvél er send af stað í flug skal flugvélin:

1) lenda á hagstæðustu flugbrautinni í logni og

2) lenda á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. aðflugsbúnaðar og landslags.“

c) Í stað e-liðar CAT.POL.A.235 kemur eftirfarandi:

„e) Þegar flugvél er send af stað í flug skal flugvélin:

1) lenda á hagstæðustu flugbrautinni í logni og

2) lenda á þeirri flugbraut sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. aðflugsbúnaðar og landslags.“

d) Í stað e-liðar CAT.POL.A.415 kemur eftirfarandi:

„e) Snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir hreyfilbilun, með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í samræmi við CAT.OP.MPA.181, sem er viðeigandi fyrir varaflugvöll.“

3) Í SPO.POL.110 í VIII. viðauka (SPO-hluta) er eftirfarandi d- og e- lið bætt við:

„d) Flugstjórinn skal tryggja eftirfarandi:

1) að flugvél sé hlaðin undir eftirliti hæfs starfsfólks,

2) að flutningshleðsla sé í samræmi við gögnin sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi loftfars.

e) Flugrekandinn skal tilgreina í rekstrarhandbókinni meginreglur og aðferðir sem gilda um hleðslu-, massa- og jafnvægisferfið sem samrýmist kröfunum sem settar eru fram í a- til d-lið. Kerfið skal taka til allra tegunda fyrirhugaðrar starfrækslu.“